

**Nr. 048 / 12 Grímsnes BA 555*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 0089  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1963 stál  
Stærð: 178,6 brl. 276,8 bt.  
Mesta lengd: 36,05 m Skráð lengd: 32,83 m  
Breidd: 6,72 m Dýpt: 5,72 m  
Vél: Caterpillar 671 kW 1985  
Fjöldi skipverja: 5



Grímsnes ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 17. maí 2012 var Grímsnes BA 555 á rækjuveiðum í Kolluál. Veður: VSV 2-4 m/s.

Skipverji var að moka ís yfir afla í lest og stóð við það í fiskikari þegar hann rann til og féll með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hægri fæti.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði stóð í tómu fiskkari og mokaði úr einu kari í annað. Slasaði sagði að karið hafi verið tómt en taldi að ískurl hafi ekki sáldrast úr skóflunni niður á fætur hans heldur hafi karið verið sérstaklega hált svo hann rann til hliðar og hægri fóturinn hnoðaðist undir hann svo sin slitnaði;
- að slasaði sagði að ís hafi áður verið í karinu en enginn ís verið eftir. Hann taldi sennilegt að áður en það kom um borð til þeirra og ís var settur í það hafi það verið notað undir lifur fremur en mjög feitan fisk og fitan (grúturinn) ekki þrífín sem skyldi með sápu.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til sleipu í karinu sem slasaði stóð í.